Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikn. fjársöfnunar mannskaðasamskota apríl 1906

Aðfnr. 1349, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# V

1.) Skýrslur um ástæður

og

2.) Umsóknir um styrkveitingar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G. Zoëga.

Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg skal hjer með leyfa mjer að tjá hinni háttvirtu samskotanefnd í Reykjavík, að snemma í síðastliðnum ág. mánuði, var mynduð á Þingeyri í Dýrafirði samskotanefnd, til að vinna að fjársöfnun á Vesturlandi til styrktar skylduliði manna þeirra er fórust í síðastliðnum apríl mán. með skipunum „Ane Sophia" og „Björninn".
Þeir menn sem í nefnda samskotanefnd gengu eru:

Verzlunarstjóri Carl Proppé Þingeyri (formaður).
Verzlunarstj. Matth. Ólafsson Haukadal (gjaldkeri).
Læknir Andrjes Fjeldsted Þingeyri.
Bóndi Kristján Andrjesson Meðaldal.
Prestur Þórður Ólafsson Söndum.

Samskotalista hefur nefndin sent í hvern hrepp á Vesturlandi og á sínum tíma mun nefndin skýra samskotanefnd. í Reykjavík frá því er safnast kann, en skýrsla um fjársöfnun þessa verður eigi hægt að senda fyr en í jan. 1907, þar eð gert var ráð fyrir að samskotunum yrði ekki lokið fyr en um lok þessa árs.

p. t. Reykjavík 7. okt. 1906
Þórður Ólafsson
frá Söndum.

Til
Samskotanefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Upplýsingar um hagi
eptirlátinna vanda-
manna hinna drukkn-
uðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heiðrað bréf nefndarinnar í Reykjavík, er stendur fyrir samskotum til styrktar eptirlátnum vandamönnum sjódrukknaðra manna við Faxaflóa, hefi eg meðtekið með „Kong Tryggve" 9. þ. m.
Svar mitt verður á þessa leið:
Hinn 10. dag júlímánaðar síðastl. stofnaði eg undirritaður til almenns fundar hér í Stykkishólmi til þess að vekja máls á því að hefja gjöra samskot um sýsluna til þess að styrkja eptirlátna nánusta vandamenn þeirra, er drukknuðu á fiskiskipinu „Kristjáni" seint í aprílm. síðastl. Var því máli vel tekið af fundinum, og kosin 5 manna nefnd til þess að standa fyrir samskotunum og útbýta fénu, er þar að kæmi. Í nefndina voru kosnir:
Sigurður Gunnarsson, sóknarprestur,
Sæm. Kaupm. Halldórsson,
Þór A. Egilsson verzlunarstjóri,
Ágúst Þórarinsson bókhaldari, og
Hjálmar Sigurðsson kaupmaður.
Kaus nefndin sér síðan að formanni undirritaðan, og gjaldkera Sæm. Kaupm. Halldórsson. Voru síðan samdir gjafalistar og tók eg þá flesta með mér í kirkjuskoðunarferð, er eg þegar á eptir hóf um prófastsdæmið, og skildi þá eptir á ýmsum stöðum hjá þeim mönnum, er mér þótti líklegastir.
Um fullan árangur af þessum samskotatilraunum get eg ekki,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því miður, gefið skýrslu að þessu sinni. Full 500 krónur hvetur gjaldkeri nefndarinnar vera inn komnar, en skilagrein vantar frá helmingi þeirra manna, er beðnir voru að standa fyrir samskotum heima hjá sér. Býst gjaldkeri og nefndin öll við, að fá fulla skilagrein í haust, kauptíðar lokin, eða um næstu mánaðamót. Þætti mér ekki ólíklegt að samskotin öll yrðu að lokum framt að 1000 krónum. Þó er það að eins ágizkun. Um þetta mun eg gefa nefndinni skýrslu þegar er full vitneskja er fengin.

Með bréfi þessu læt eg, eptir beiðni nefndarinnar syðra, fylgja skýrslu um, hve margir eru nánustu vandamenn heima drukknaðra í þessari sýslu.

Stykkishólmi 15. okt. 1906

Virðingarfyllst
Sigurður Gunnarsson
formaður samskotanefndarinnar í Snæfr.s.

Til

herra lektors séra Þórhalls Bjarnarsonar, formanns samskotanefndarinnar við Faxaflóa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Foreldrar Þorbjörns sál. Geirssonar frá Tunnfirði eru báðir dánir.
Hann hafði engann skylduómaga.
Hann lætur ekki eptir sig neinn efni.
Hann átti eina systir, sem er á lífi, 17 ára,
hún er nú á Nesi í Grunnavíkurhreppi.

Stað í Grunnavík 5. okt. 1906
Kjartan Kjartansson.

Eftirrit

Foreldrar ~~Kristjáns~~ Sveinbjörns Júlíusar Kristjánssonar frá Hnífsdal eru báðir dánir.
Hann var ógiptur og barnlaus
Hann hafði engann skylduómaga fyrir að sjá.

Ísafirði 20. okt. 1906
Þórður Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísafirði 19. okt. 1906

Kæri frændi!

Eg þakka fyrir bréf þitt
um daginn. Hér í kaupstaðnum
hefir engin samskotanefnd
verið skipuð; bæði var það, at
nokkuð var sent héðan í vor, og
svo var hitt, at allir töldu víst
at nefnd myndaðist í Dýra-
firðinum ~~frá~~ t. d. á Þingeyri,
því at flestir ef ekki allir, sem
drukknuðu héðan at vestan, voru
úr Dýrafirðinum; enda mun
þar líka hafa komið þar nefnd
sem meðal annars hefir geng-
izt fyrir tombolu. — En svo vildi
heppilega til rétt þegar eg var
búinn at fá bréf þitt, at síra
Sigtryggur Guðlaugsson kom til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nni, og sýndi eg honum bréf þitt, og
lofaði hann að tala um það við
Sra Þórð og gera nauðsynlegar
ráðstafanir, sem þú bendir á, til
þess að þeir hlutaðeigendur þar
verða ginntir eins út undan við
úthlutun samskotanna; eins lofaði
Sra Sigtryggur að annast um,
að þú fengir þær upplýsingar, sem
þú óskaðir eftir, þeim viðvíkjandi.
Lítt hvað hlunning er eg búinn að
selja af ljóðum Sra Valdimars; þær
ganga ekki eins vel út og eg
bjóst við.

Fyrirgefðu hripið
Þar svo til
þinn einl.
Þorvaldur Jónsson

Söndum 20. okt. 1906.

Herra lector Þorvaldur Bjarnason

Reykjavík

Jeg hefi í dag meðtekið hjálagt brjef frá prestinum síra Sigtryggi Guðlaugssyni, og þar með fylgjandi brjef Samskotanefndarinnar í Reykjavík til prófastsins síra Þorvaldar Jónssonar í Ísafirði dags. 1. þ. m.

Upplýsingar þær, sem samskotanefndin í umgetnu brjefi til prófastsins óskar eptir, en sem prófasturinn hefur álitið sig bresta kunnugleika til að láta í tje, skal mjer vera ljúft að gefa nefndinni.

Eins og yður, herra lector, mun kunnugt, hefi jeg áður sent nefndinni upplýsingar viðkomandi vandamönnum þeirra manna hjeðan úr hreppnum, sem fórust með skipinu „Anna Sophie"; um aðra menn á því skipi gat jeg ekki gefið upplýsingar þá, nema Sveinbjörn Júlíus Kristjánsson, sem til skamms tíma var sóknarbarn mitt. En nú hefi jeg aflað mjer upplýsinga frá prestinum í Grunnavík, síra Kjartani Kjartanssyni, um aðstandendur [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gestssonar frá Tunnufirði, sem mjer áður var ókunnugt um, og sendi jeg nú nefndinni eptirrit af vottorði síra Kjartans, sem og samskonar upplýsingu að því er snertir Sveinbjörn heitinn Kristjánsson.

Einnig læt jeg fylgja hjer með skrá yfir vátryggingargjöld af fiskiskipinu „Anna Sophie", en til geta þess, eins og líka síra Sigtryggur Guðlaugsson getur um í hjálögðu brjefi, að Marianus Gunnlaugsson var ekki á skipinu er það fórst, hafði verið lagður á land áður en það fór síðast út frá Ísafirði.

Jeg skal geta þess, að auk manna þeirra hjeðan úr hreppi er fórust með skipunum „Sophia Whetley" og „Anna Sophie" og sem jeg áður hefi sent skýrslu um til samskotanefndarinnar, þá fórst bóndinn Guðmundur Björnsson frá Hólum í Þingeyrarhr. 5. apríl s. l. Hann tók út af skipinu „Phönix" frá Þingeyri. Ljet eptir sig ekkju og 1 barn bára auk aldurhniginna foreldra og tengdaföður, er hann hafði fyrir að sjá.

Að því er stofnun samskotanefndar fyrir Vesturland snertir, þá hefi jeg skýrt nefndinni frá stofnun hennar og hverjir í henni sjeu; en reyndar hafði nefndin sú auglýst tilorðning sína í blaðinu „Vestri" snemma í septembermánuði, svo brjef mitt þar að lútandi hefur ef til vill verið óþarft.

Jeg vona að meðfylgjandi upplýsingar og [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við það, sem jeg áður hefi sent nægi nefndinni
að því er vandamenn hinna drukknuðu snertir.
En að því er snertir samskotasöfnunina í vestur-
landi, þá mun nefndin hjer gefa skýrslu um það
til nefndarinnar í Reykjavík, hið fyrsta eptir næstu
árslok.

Virðingarfyllst
Pjetur Ólafsson

Til

formanns samskotanefndarinnar í Reykjavík
síra Þórh. Bjarnarsonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt tilmælum herra próf. Þorvaldar Jónssonar á Ísafirði, tók eg á móti meðfylgjandi bréfi til hans frá „samskotanefnd, sem safnar fé til styrktar eftirlifandi vandamanna sjódruknaðra manna" í Reykjv. í þeim tilgangi að beina því á þann stað, hvaðan því yrði greiðast og heppilegast svarað, en það hygð-um við yrði frá samskotanefndinni í Þingeyrarhreppi. Og með því að mér virðist miklu skifta, að bréf þetta sé tekið til greina, læt eg eigi dveljast að senda yður, herra prestur, það sem meðlimi (~~formanni?~~) nefndarar samskotanefndar í Þingeyrarhreppi.

Til frekari hjálpar, ef með þyrfti, útvegaði eg einnig hjá sýslum. Ísafjarðars. meðfylgjandi „skrá" yfir vátryggingargjöld af fiskiskipinu Anna Sophie" til þess að séð yrði áreiðanl. hverjir væru á skipinu, og leitaði enn fremur munnlegra upplýsinga hjá eiganda skipsins, hr. Filippusi Filippussyni ~~Magnússyni~~ (?) á Ísafirði; er tóku fram, ~~að~~ að No 9: Hansínus ~~(Magnus)~~ Gunn[illegible] á Ísafirði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði sökum veikinda eigi verið á skipinu er það fórst, heldur á landi. Ennfremur að № 7, sem sýnist í skránni vera skrifaður frá „Fimafirði" hefði verið frá „Fúrafirði" vinnumaður, ógiftur og barnlaus; um foreldra hans vissi hann ekki. — № 10: Sveinbj. Júl. Kristjánsson frá Hnífsdal, er Dýrfirðingur, sem nefndinni mun kunnugt um. Hinir úr Þingeyrarhreppi.

Núpi 17. októb. 1906

Sigtryggur Guðlaugsson.

Til
sóknarprests sr. Þórðar Ólafssonar
að Söndum í Dýrafirði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rv. 138 -06

Helli
12 júli 1906.

Eptir ósk ydar herra sýslumadur vil eg hér med láta ydur vita um ástædur og efnahag hinna sjódrukknadu manna úr Ásahreppi sídastlidna vetrarvertíd, og ættingja þeirra, eptir því sem eg nánast til þekki.

1. Stefán Gestsson frá Vetleifsholtsparti 25 ára. Var eignalaus. Vinnumadur hjá módur sinni Sigrídi Jónsdóttur mjög fátækri ekkju. Lítid eitt skuldugri sveitinni um nokkur ár (frá 1882-1893). Stefán sál lá veikur allan sláttinn í fyrra sumar.

2. Gudjón Gestsson bóndi frá Vetleifsholtsparti bródir no 1. 32 ára mjög fátækur. Lætur eptir sig ekkju og 3 börn ung. Tíundadi s. l. ár 2 h en var skuldugur. Í Sparisjódi Árnessýslu 300 kr. o. fl. Ekkja hans er ekki fær um ad stunda erfida vinnu.

3. Geir Hildibrandsson frá Vetleifsholti. 26 ára. Eignalítill mjög. Vinnumadur hjá foreldrum sínum, uppgefnum. Búnum ad búa full 49 ár, og hafa lengst af búid vid mikla fátækt og ómegd og sérstakt heilsuleysi konunnar. Voru skuldug sveitinni um mörg ár til 1903. Geir sál var um tíma geggjadur á sönsunum, fyrir nokkrum árum.

4. Sigmundur Hildibrandsson frá Vetleifsholti bródir no 3. 32 ára. Vinnumadur á ödru heimili. Vel efnadur. Eigurnar virtar fullar 1200 kr. er skiptast milli foreldra hans og stúlku hans.

Virdingarfyllst
Sig. Gudmundsson

Til
Sýslumannsins í Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt tilmælum hreppsnefndaroddvita
Sig. Guðmundssonar í Helli, kjenhed vottað að er framanskráð skýrsla
hans um eftirlátna hinna sjódrukknuðu frá
Ásahreppi, er sönn og rjett að því er jeg veit bezt.

p.t. Reykjavík 1/10-06

Einar Benediktsson

Sýslum. í Rangárvallasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu

Samkvæmt umtali, sendi eg yður hérmeð, háttvirti herra, skýrslu um efnahag og erfingja hinna sjódrukknuðu manna: Stefáns Gestssonar og Guðjóns Gestssonar frá Vetleifsholtsparti og Geirs og Sigmundar Hildibrandssona frá Vetleifsholti.

Stóra Hofi 19. sept. 1906.

Einar Benediktsson

Herra lektor Þorh. Bjarnason

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhann
Björn
Ingvar

Innstavogi 8 ágúst 1906
Akranesi

Háttvirti herra Lektor
Þórhallur Bjarnarson

„Biðjið og mun yður gefast“
þessi orð komu mjer í hug
er jeg las áskorun Samskota-
nefndarinnar, til hjálpar
þeim sem misst hafa sína í
sjóinn. jeg hefði nú sannar-
lega fremur viljað óska
mjer að vera einn af gefend-
onum heldur en þiggjendonum
en það er ekki alltjend sem
maður hittir óska stundina
og líklegast fer svo fyrir
mjer, því mjer hefur skilist
að samskotin verða stofnuð
einungis handa þeim sem
misstu í vor, en (sem betur
fer) munu þeir fáir sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ordið hafa fyrir eins stóru áfalli sem eg þ 16 septembr sýðast liðið ár er eg misti 3 sonu mína, sem voru aðalfyrirvinna heimilisins og með þeim töluverða fjár-muni kaup þeirra að nokkru leiti og fl. og að því leiti var það þingsra á mjer í efnaleigu tilliti en nokkrum einstakling í vor, að eg hef aungva von um stirk úr sjóði ábirðar sjóð drukknaðra sjómanna, (má vera það sje af því að það hefur ekki verið krafist,) eg er ekki að nátturufari upplagður til að biðja, en ástæður mínar knúa mig nú til að biðja

af því eg ber svo gott traust
til yðar háttvirti herra!
að biðja yður að mæla mjer
eitt líknar orð er nefndin
fer að deila samskotonum
ástæður mínar eru svo,
eg er fátækur maður og,
við hjónin komin á efri
ár, höfum 3 börn okkar
heima það elsta 14 ára
og svo er hjá okkur barn
sem elsti sonur okkar átti
6 ára, og tengdaforeldrar
mínir báðir á níræðis
aldri, sem eg hef enn
ekkert tekið með, en þau
hafa ekki annað athvarf
en sveitina sína,
eg legg það nú undir
dóm hinnar háttvirtu sam

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-skólanefndar, sem af mannkjærleika hefur gjeingið út fyrir sjóðinum, hvort henni sýnist að rjetta mjer hinn minsta af molunum sem falla af því kjærleikans borði, en samt hefði mjer komið betur hjálp úr ábirðarsjóðnum sem einir minir voru búnir að leggja í, sonu missirinn, og söknuðin eftir mjer einginn bætt, en eg ber það traust til gjöfra manna sem gáng gert fyrir að hjálpa öðrum, með líkum ástæðum, láti mig ekki verða utan við hjálpina að öllu leiti, og nú bið eg yðar að fyrirgefa mjer, með bestu kveðju og

virðingu

Björn Jóhannsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsatóptum í Grindavík
25. okt. 1906

Háttvirti herra!

Eg skal hérmeð leyfa mér mér að skýra yður frá, að Guðbjartur Guðmundsson úr Reykjavík, sá er drukknaði héðan h. 14. ap. næstl. lét eptir sig unnustu: Jóhönnu Bjarnadóttir, sem nú er til heimilis hér í hreppi. – Jóhanna þessi hefir nú fyrir rúmum hálfum-mán. alið barn, sem Guðbjartur sál. er faðir að. – Vil eg hér með leyfa mér, fyrir hönd móðurinnar, að óska þess, að hinni háttvirtu nefnd, sem ræður yfir mannskaðasamskotunum, mætti þóknast að veita henni nokkurn styrk af sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samskotafénu, til uppeldis barns hennar. – Jóhanna Bjarnadóttir er um 20 ára gömul, eignalaus, að öðru leiti en því, að Guðbjartur hafði arfleitt hana, og get eg hugsað að hafi verið um 200 kr., sem hún erfði eptir hann – þetta er mér að sönnu ekki vel kunnugt um, – en það getur ekki munað neinu verulegu. –

Virðingarfyllst
Einar Jónsson

Til
hr. kaupm. G. Zoëga Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðbjartur Guðmundsson drukn-
aði 14. apríl í Grindavík.
Lét eftir sig:
1. Móður, Margréti Hróbjartsdóttur,
hún er komin á sjötugsaldur og
efnalítil. Maður hennar, Sigurður
Sigurðsson, er á sextugsaldri, heilsu-
tæpur og lúinn. Þau búa á Njáls-
götu 54 í Rvík.
2. barn, Guðbjört, fædd í haust.
Móðir þess, bláfátæk, er hjá for-
eldrum sínum í Grindavík, en
þau eru á sveit.

Rvík 1. des. '06.

Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á meðal þeirra, sem drukknuðu af fiski-þilskipinu „Sophia Wheatly" í mannskaðaveðrinu 7. April síðastl. með skipstjóra Jafet Ólafssyni, var hálfbróðir hans, að nafni, Steindór Helgason, vinnumaður á Skólavörðustíg 14. í Reykjavík. Hann var ókvæntur og átti engin börn, en móðir hans, Herdýs Magnúsdóttir, er á lífi, til heimilis á Hvassahrauni hjer í hreppi, og er hún nánasti ættingi Steindórs heitins.

Með því að jeg gjöri ráð fyrir, að Steindór heitinn hafi verið vátryggður í hinu innlenda lífsábyrgðarfjelagi sjómanna, leyfi jeg mjer, fyrir hönd móður hans og samkvæmt ósk hennar, að beiðast þess, að þjer, velborni herra sýslumaður, vilduð gangast fyrir því, að Herdýsi verði útborgaðar þær 100 kr. á ári í næstu 4 ár, sem nefndu lífsábyrgðarfjelagi mun skilt að greiða nánustu ættingjum þeirra, er farast af hinum innlenda fiskiskipaflota.

Þess má geta, að ofan-nefnd Herdýs Magnúsdóttir, á engann ættingja á lífi, síðan hún missti þessa tvo syni sína, Jafet skipstjóra og Steindór í sjóinn, er hún geti vænzt styrks af. Sjálf er hún orðin mjög hrum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og heilsutæpr, og arf fær hún engann eptir þessa syni sína, því annar þeirra, Jafet, var kvongaður og átti skilgetið barn á lífi, en hinn, Steindór, hafði, með löglegri arfleiðsluskrá, gefið allar eigur sínar eptir sinn dag.

Herdýs væntir þess því ennfremur, að geta orðið aðnjótandi styrks af gjafa-samskotum þeim, er safnast hafa, til styrktar ættingjum og vandamönnum hinna drukknuðu fiskimanna, og vil jeg, hennar vegna, biðja yður, herra sýslumaður, að leggja til þess yðar góðu meðmæli, við stjórnarnefnd gjafa samskotanna.

— Prestsvottorð fylgir hjer með.

Vatnsleysustrandarhreppi 26. Júlí 1906.

Guðm. Guðmundsson.

Til
sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vottorð:

Herdís Magnúsdóttir, húskona í Hvassa-
hrauni, móðir þeirra bræðra, Jafets sál.
skipstjóra Ólafssonar og Steindórs sál.
Helgasonar, sem báðir drukknuðu síðasta
vor, er samkvæmt húsvitjunarbók presta-
kallsins 76 ára gömul.

Kálfatjörn 26. júlí 1906.

Árni Þorsteinsson

Árni Þorsteinsson,
prestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einn hinna mörgu, er drukknuðu í mannskaðaveðrinu 7. April síðastl. af fiskiskipinu „Sophia Wheatly" með skipstjóra Jafet Ólafssyni frá Reykjavík, var Mattías Sumarliðason frá Grund í Skoradal í Borgarfjarðarsýslu.

Hann var ókvongaður og átti engin börn, en foreldrar hans, Sumarliði Mattíasson og Þorbjörg Ólafsdóttir, til heimilis á Breiðagerði hjer í hreppi, eru á lífi og eru þau nánustu ættingjar Mattíasar heitins.

Sumarliði, faðir Mattíasar heitins, hefur beðið mig að tjá yður, velborni herra sýslumaður, að hann vænti að fá, af hinum innlenda lífsábyrgðarsjóði sjómanna þær 100 kr. á ári, í næstu 4 ár, sem lögum samkvæmt mun vera skilt að greiða nánustu ættingjum þeirra, er farast af hinum innlenda fiskiskipaflota, og óskar hann jafnframt að þjer, herra sýslumaður, vilduð góðfúslega styðja að því, að honum verði borguð nefnd upphæð við fyrsta hentugt tækifæri.

Foreldrar Mattíasar heitins eru bæði orðin ellihrum og heilsutæp, og má geta þess, að þau misstu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í sjóinn annan son sinn, Ingimund að nafni, hinn 8. Marz 1902, af fiskiskipinu „Valdemar“ frá Engey, rúmlega 20 ára gamlann.

Fyrir hönd Sumarliða og samkvæmt ósk hans, leyfi jeg mjer loks að beiðast þess, að þjer, herra sýslumaður, vildud góðfúslega mæla með því, að honum verði veittur hæfilegur styrkur af gjafa-samskotafje því, er safnast hefur til styrktar ættingjum og vandamönnum hinna drukknuðu, þegar Samskotanefndin fer að úthluta því.

Vottorð frá viðkomandi presti fylgir hjer með.

Vatnsleysustrandarhreppi 26. júlí 1906.

Guðm. Guðmundsson.

Til
sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vottorð:

Sumarliði Matthíasson, þurrabúðarmaður í Breiðagerði, faðir Matthíasar Sumarliðasonar frá Grund í ~~Svína~~ Skorradal, sem drukknaði af þilskipi síðastliðið vor, er samkvæmt húsvitjunarbók prestakallsins 64 ára gamall.

Kálfatjörn 26. júlí 1906.

Árni Þorsteinsson

Árni Þorsteinsson
prestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Staðarbakka á Akranesi 30. okt. 1906

Til
mannskaðasamskotanefndarinnar. R.vík

Háttvirtu herrar!

Eins og yður er kunnugt misti jeg son minn Tímóteus Ólaf í sjóinn með fiskiskipinu „Ingvar“ 7. apríl þ. á. einkastoð og fyrirvinnu okkar hjóna sem báði erum heilsulaus og höfum fram að færa dóttir okkar 15 ára sem líka er mjög heilsulaus. Fyrirvinna heimilisins er sama sem engin og eign lítil og óhandbær – lítil fjörleg húseign í veðböndum –. Nú sem stendur eru kringumstæður mínar þannig: að jeg sje engin ráð önnur, til þess að afla mjer vetrarforða og borga áfallnar skuldir fyrir nauðsynjar, en þau að leita hreppsnefndar hjer til lántöku úr sveitarsjóði. Vil jeg samt, áður það mál er útkljáð leyfa mjer að leita til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinna háttvirtu nefndar er skilið hefir fyrir samskotum til styrktar okkur, sem mistum fyrirvinnu okkar í sjónum 7. apríl þ. á. með bæði um það að hún úthluti mjer einnig 100 kr. af nefndum samskotum, auk þess að upphæð kr 65,00 er jeg áður hef fengið úr samskotasjóðnum, og þakksamlega kvittast fyrir.

Með besta trausti

Allra virðingarfyllst

Guðmundur B. Guðmundsson
(handsalað).

Að hjer að framan sje rjett skýrt frá efnahag og ástæðum Guðm. B Guðmundssonar á Staðarbakka eftir því sem okkur er nánari kunnugt vottast hjermeð

Akranesi 30. okt. 1906.

Jóhann Björnsson
hreppstjóri

Jón Sveinsson
prestur

Björn Jónsson
oddviti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Akranesi 4 des 06

Háttvirti
herra lektor J. Bjarnason
Laufási Reykjavík

Nú mun það fullkomlega vera komið í ljós, að hjónin á Staðarbakka (hjón) sem mistu son sinn Tímóteus Ólaf í mannskaða veðrinu á skipinu „Ingvar" fá enga „Assurance" útborgun erlendis frá, eins og þó að samskotasjóðs nefndin hefur að líkindum hugsað að yrði, þegar hún við skipti í fyrra ekki úthlutaði þeim.

Þessi hjón Guðmundur B. Guðmundsson og Guðfinna Hannesdóttir eru bæði ásamt dóttir sem þau eiga mjög heilsu lítil, (Guðmundur hreinasti aumingi). og bláfátæk og undantekningarlaust hefðu þau orðið-hodst með gjafapeninga hjer af vjer sem þekkjum svo vel kringumstæður hefðum skipt þeim

Útaf þessu skal jeg leyfa mjer samkv. beiðni hjónanna að fara þess á leit við yður að hlutast sem allra fyrst til um að hjón þessi fái eitthvað af gjafafjenu, og í sömu tíma vona jeg að sjáist, að þau verði ekki afskipt í þessu falli, því það væri mjög

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óhepplegt og leiðinlegt.

Þess skal getið að ekkja Tómasar Tómassonar Sigríður Magnúsd. í Sandi hefur fengið erlendis frá viðurkenningu sem útborgun á lífsábyrgð Tómasar 2800 Kr., og eftir því sem mér er nú kunnugt borgast úr þeirri Assurance einungis ekkjum sem eiga afkvæmi. Nánari lýsing mun fást að líkindum hjá hr Duus

Með stærstu virðingu og bestu kveðju
yðar einl.
S. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Maður sem drukknaði í Grindavík átti 5 Börn, frá 5–13 ára og skilur eftir sig bláfátæka ekkju og háaldraðan föður

N.B.

Sjá Brjef sýslumanns Húnvetninga dags. 22. Jan. 1907 (Kvittunarbrjef fyrir móttöku á samskotafje) viðvíkjandi Stefáni Böðvarssyni, sem að framan er getið um.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lausamaður

Sigurður Jónsson, Hvammstöðum

drukknaði með Jafet Ólafssyni.

upplýsingar frá

Jóni Björnssyni

Ölvaldsstöðum

Borgarhreppi

S

17/5/06 Stefán Böðvarsson, Fallandastöðum

Staðarhrepp

Hrútaf., Húnav. sýslu

Ekkja og 4 börn sitt á hvoru ári – elst 6 ára

yngst 3/4 árs.

allslaust.

Rúð á Borðeyri hjálpað helzt að draga fram lífið.

Upplýsingar frá: Daníel Jónssyni

Tannastöðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

áhrærandi menn þá úr Þingeyrarhreppi er fórust með skipinu „Anna Sophia", sem talið er að farist hafi 26. apríl þ. árs.

—„—

1. Skipstjóri Einar Ingibjartur Kristjánsson, lausamaður frá Hvammi 27 ára. Hann var ógiptur og barnlaus, en telja mátti hann aðal stoð föður síns, Kristjáns Einarssonar, sem fyrir nokkrum árum er orðinn farlama maður; tvær dætur á Kristján á lífi, sem báðar eru giptar. Efnahagur þeirra að vísu eigi góðar, en sjeð munu þær geta fyrir framfæri hans.

2. Páll Guðmundur Pálsson, lausamaður frá Hvammi 24 ára. Hann var ógiptur og barnlaus en hafði að sjá fyrir móður sinni, Bjarney Jónsdóttir, sem er fátæk ekkja á sjötugsaldri og á nú ekki eptir á lífi neinn ættingja nærskyldan, þann er hún geti vænst stuðnings frá.

3. Ástráður Jónsson, lausamaður frá Hvammi 29 ára, ógiptur og barnlaus. Hann var aðalstoð foreldra sinna, Jóns Jónssonar og Ólöfar Kristjánsdóttur, sem bæði ~~bæ~~ eru komin á áttræðis aldur. Að vísu eiga þau enn 3 börn á lífi, sem öll eru gipt, en fjárhagur þeirra allra er sára þröngur.

4. Ingibjartur Pálsson, vinnumaður í Hvammi 18 ára, ógiptur og barnlaus.

Enginn ofantaldra einhleypra manna lætur nein efni eptir sig.

5. Árni Einarsson, húsmaður í Hvammi 38, lætur eptir sig konu og 1 barn, – son 6 ára – og ~~dot~~ dóttir 14 ára af fyrra hjónabandi. Efni lætur hann eptir sig sem svara mun 500–600 krónum.

6. Jón Bjarnason bóndi í Hrauni 44, lætur eptir sig konu heilsulitla og 8 börn auk tengdamóður sinnar, sem er áttræð að aldri. Nöfn barnanna og aldur er:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Guðmundur Jónsson | 17 ára |
| 2. | Guðrún Jónsdóttir | 14 – " – |
| 3. | Margrjet Jónsdóttir | 12 – " – |
| 4. | Jón Jónsson | 10 – " – |
| 5. | Guðný Jónsdóttir | 7 – " – |
| 6. | Kristjana Jónsdóttir | 5 – " – |
| 7. | Rögnvaldur Jónsson | 3 – " – |
| 8. | Guðrún Jónsdóttir | 1 – " – |

Efni lætur hann sára lítil eptir sig fram yfir skuldir.

7. Helgi Hafliðason, húsmaður á Dröngum 41 árs. Hann lætur eptir sig konu og 4 börn. Nöfn barnanna og aldur er:

1. Jakob Helgason 6 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Gunnar Helgason 3 ára
3. Bjarni Helgason 1 árs
4. Ingibjörg Helgason á 1. ári.

Efni lætur hann lítil eftir sig; aðeins fáar kindur og 1 hest. Nemur það tæplega meira en skuldir er á honum lágu.

Söndum 12. júní 1906

Þórður Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi ég mér að votta samkvæmt beiðni, að foreldrar Klánsar sál., sem drukknaði af fiskiskip-inu "Ingvari" 7. f. m., Jón bóndi Eggertsson í Ausu hér í hreppi og Þorbjörg Klánsdóttir kona hans, sem báði eru á sjötugs aldri, séu fátæk og mjög svo protin að heilsu og kröptum.

Hvanneyri 7 maí 1906.

Hjörtr Snorrason.

(hreppstjóri í Andakílshr.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðal háseta þeirra er druknuðu af fiskiskipinu „Emelin" úr Reykjavík voru þessir:

1. Guðmundur Jónsson, talinn tómthúsmaður hér í bænum, en hafði flutt hingað um síðastliðið nýár þá úr Hafnarfirði. Hann var ættaður af Akranesi og giftist síðastliðið haust Þórunni Þórðardóttir frá Brekkubæ á Akranesi þau voru barnlaus.

Móðir Guðmundar sál. er gift Sigurði Sigurðssyni á Sigurðsstöðum (Akranesi) og eiga þau 3 börn á ómagaaldri, en móðir hans hefir um nokkur ár verið mjög heilsulítil og efnalaus. Kristín alsystir Guðm. sál. af fyrra hjónabandi var gift Sigurði Jónssyni frá Sudervöllum einum meðal þeirra sem druknuðu af Emelin. Þannig hefur því, Haldóra Vigfúsdóttir, móðir Guðm. sál. misst bæði son sinn, og tengdason í sjónum í einu, en er sjálf bæði efnalítil og heilsubiluð.

Ekkja Guðm. sál. flutti strax eftir fráfall manns síns til foreldra sinna, sem búa við allgóð efni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Ásgeir Ólafsson vinnumaður hjá föður sínum í Lindargötu 18.
Faðir hans Ólafur Jónsson frá Fellsöxl á 9 börn á lífi, öll uppkomin nema eitt; er allvel efnaður maður og hefur að öðru leiti góðar ástæður.
Ásgeir sál. hafði keypt lífsábyrgð fyrir 2000 kr., sem að öllum líkindum fæst að mestu eða öllu útborguð.

Reykjavík 19. maí 1906
Ólafur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pöndum 12. júni 1906.

Kæri fornvin og skólabróðir!

Ásamt með línum þessum sendi jeg þjer upplýsingar þær er þú í brjefi dags. 14. f. m. óskar eptir, en jafnframt sendi jeg þjer aðra skýrslu, sem jeg síðar skal minnast á.

Eins og upplýsingar þær, er jeg sendi þjer um þá 4 menn hjeðan, er fóru með „Sophia Wheatly“ bera með sjer, hefði engínn þeirra fyrir skylduómaga að sjá og foreldrar þeirra allra eru að efnum all vel staddir, svo jeg get ei búist við að neinu af samskotafjenu verði úthlutað til skyldmenna þessara 4 manna. Annarstaðar veit jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þörfin er mikilu brýnni, og það einnig innan þessa sveitarfjelags. Hjer hafa sem sje að höndum borið stór slys á þessu vori auk þeirra, sem getið er um áður í blöðunum. Það eru alls 12 vaskra dugnaðarmanna sem hjeðan úr hreppnum drukknuðu í síðastliðnum apríl. Í „Þjóðviljanum" hefur verið getið um 5 af þeim, þá 4 er fórust með „Sophie Wheatly" og Guðmund Bjarnason bónda í Hólum, sem lét eptir sig ekkju og 1 barn - 5 ára gamallt - auk 3ja gamalmenna. Guðm. heitinn fórst 6. apríl. Hjer innan hrepps var leitað samskota fyrir ekkju hans og safnaðist liðugar 200 krónur auk kr. 25,00 frá kvennfjelaginu „Hugrún", sem stofnað var hjer í hreppnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í vetur. En 26. apríl hafa þeir 7 menn hjeðan úr hreppnum farið með skipinu „Anna Sophia" frá Ísafirði, sem jeg get um í meðfylgjandi skýrslu.
Eins og skýrsla mín ber með sjer láta þessir menn eptir sig 3 ekkjur og 11 börn í ómegð auk 4-5 gamalmenna. Enn þá hefur ekki verið hafist handa til fjársöfnunar skylduliði þeirra til styrktar, nema hvað áðurnefnt Kvennfjelag hefur ákveðið að koma á tombólu í því skyni í haust. Ástæðan er sú, að nýlega er fyllsta vissa fengin fyrir að þeir hafi farist og það vafalaust í áhlaupaveðrinu 26. apríl.

Nú langar mig til að spyrjast fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá þjer, hvort um það geti verið að tala, að eitthvað af skyldulið þessara 7 manna geti aðið aðnjótandi styrks af samskota-fje því er þá og nefndarmenn þínir hafa til úthlutunar. Er þau samskot einskorðuð við mannþjónið 7. apríl? Mjer væri kært að geta fengið línu frá þjer upp á þetta með næstu ferð. Hjeðan úr hreppi hafa engin samskot borist til samskotanefndarinnar í Reykjavík, það mjer er kunnugt, og er það af því að samskotum hefur verið safnað hjer til ekkju Guðm. heit. Bjarnasonar, þess er jeg áður gat um. En hvort aðrir nálægir hreppar hafa nokkuð sent, það veit jeg ekki. Væri svo mundi líklega árangurslítið að byrja samskotaöflun þar á ný til handa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyldu liði manna þeirra hjeðan, sem
fórust með „Önnu Sophie". En mig langar
til að hrynda fjársöfnun í því skyni
á stað, einkum ef jeg yrði þess vís,
að engin samskotasöfnun hefur
farið fram í ser í nálægum
hreppum hjer. og því væri nú ein-
hvern árangur. Í Mýrahrepp veit
jeg að engin samskota hefur verið
leitað eða neinn gengist fyrir þeim
þar, en um aðra nálæga hreppa hjer
er mjer ókunnugt. Er yður kunnugt
um að samskot hafi komið sunnan
úr Vestur-Ís.fjarðarsýslu eða austurhluta
Barðastrandarsýslu?

Skýrsluna áhrærandi menn þá hjeðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er fórust með skipinu „Anna Sophia"
sendi jeg þjer, til þess hún yrði nefnd-
inni til upplýsinga. Ef samskotasöfnun
sem þið gangist fyrir gæti náð til skyldu-
liðs þeirra.

Af mjer er allt bærilegt að segja.
Jeg uni allvel hag mínum hjer, kann
vel við fólkið, og hefi nokkurnveginn að
bíta og brenna. Lakast er að jörðin
var í grátlegri niðurníðslu er jeg kom
hjer, bæði að húsum og túni. Flest hús
hefi jeg byggt upp eða gert við en túnið
á jeg eptir að gera. Langar til að
gera það að vori.

Með kveðju þökk fyrir gamlan
og góðan vinskap, og með ósk um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allt gott þjer og þínum til handa

er jeg þinn einlægur vin

Þórður Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt tilmælum herra lectors séra Þórhalls Bjarnarsonar, sem er einn í mannskaðasamskotanefndinni í Reykjavík, hef ég leitað mér upplýsinga um, hvort þeir Mattías Sumarliðason og Steinn Steinason frá Grund í Skorradal, sem í vor drukknuðu af fiskiskipinu „Sophia Wheatly", hafi styrkt eftirlifandi ættingja sína, og hefur mér verið skýrt svo frá, að Mattías sál. hafi styrkt foreldra sína að mun síðari árin og að hann hafi ætlað að taka þá til sín í vor, ef hann hefði lifað. Þau hjón eru bæði sögð mjög lasburða og við aldur, og bláfátæk. Þau hafa átt heima suður á Vatnsleysuströnd, en munu flytja til Seyðisfjarðar í sumar. Sumarliði er Mattíasson.

Um Stein Steinason er mér svo frá skýrt, að hann hafi látið töluvert af kaupi sínu ganga með móður sinni Kristínu Kortsdóttur, sem er ekkja á áttræðisaldri hjá fátækri dóttur sinni á Hvítanesi í Kjós, efnalaus með öllu.

Þetta leyfi ég mér að tilkynna hinni mikilsvirtu mannskaðasamskotanefnd.

Hesti 18. júní 1906.

Virðingarfyllst.

Arnór Þorláksson

Til

Mannskaðasamskotanefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aumingjamaður: Sál. for. hafa verið á lífi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

# Skrá

yfir vátryggingargjald skipshafnar á Georg 1907

samkvæmt lögum 10. nóv. 1903.

| | Nöfn skipverja | Heimili | Aldur | Staða | Lögskráningardagur 19 | Lögskráður til | Vátryggingargjald kr. | Vátryggingargjald a. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| X | Stefán Danielsson | Reykjavik | 36 | skipstj. | Anna Gunnarsd., 4 börn | | | | |
| | Sigmundur Sigm.son | Reykjavik | 25 | stýrim. | | | | | |
| + | Gudm. Danielsson | Laugav. 60 R.vik | 38 | lausam. | | | | | |
| + | Jón Danielsson | Hv.g. 6 Reykjavik | 30 | tómthm. | Þórdís Guðmundsd., 1 barn. | | | | |
| | Höskuldur Jóakimsson | Selfossi Árnessýslu | 25 | vinnum. | | | | | |
| | Jón Gudmundsson | L.v. 54 R.vik | 28 | tómth.m. | Jórunn Guðmundsd., 2 börn | | | | |
| | Guðjón Jóakimsson | Selfossi Árnessýsl. | 20 | vinnum. | | | | | |
| + | Þorsteinn Pjetursson | Melunum Reykjavik | 33 | tómth.m. | | | | | |
| | Bjarni Sigurgeirsson | Fögrubrekku Hrútafirði | 18 | vinnum. | | | | | |
| | Magnús Ingvarsson | Laufásvg. 27 R.vik | 34 | lausam. | | | | | |
| + | Vilhjálm. Gudm.son | Knútsborg Seltjarnarn. | 39 | tómth.m. | | | | | |
| | Þórarinn Gudm.son | Lindarg. 21 Rvik | 58 | tómth.m. | Karitas Guðmundsd., 5 börn | | | | |
| | Gudm. Steinsson | Laugav. 59. R.vik | 29 | tómth.m. | Steinunn Jakobsd. | | | | Tvíkvænt [?] |
| + | Ólafur Jónsson | Njálsg. 38 Rvik | 43 | tómth.m. | Kristín Runólfsd. | | | | |
| | Einar Gudmundsson | Brú Stokkseyrarhr. | 26 | vinnum. | | | | | |
| X | Gestur Sv. Sveinsson | v.g. 10 Reykjav. | 27 | lausam. | | | | | |
| + | Þorvarður Danielsson | Lindarg. 12 R.vik | 46 | tómth.m. | Rannveig Einarsd., 4 börn | | | | |
| | Magnús Magnússon | Miðfirði Núpsdalstungu | 32 | lausam. | | | | | |
| | Gudni Gudmundsson | Jaðri Þykkvabæ | 24 | vinnum. | | | | | |
| | Bjarni Ásmundsson | Brekkulæk Húnav.sýslu | 22 | vinnum. | | | | | |
| | Jakob Þorsteinsson | Húnav.sýslu | 24 | | | | | | |

Rjett útskript staðfestir:

Hjörtur [?] Magnússon
pt.

Gjald: 25 — tuttugu og fimm aurar }

HH [?]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | Aldur | |
|---|---|---|---|---|---|
| + | X | Tyrfingur Magnússon | Reykjavík | | Elsbert |
| + | + | Júlíus Arason | do | 27 | |
| + | x | Tómas Tómasson | Akranesi | 41 | |
| x | x | Þorsteinn Jónsson | Reykjavík | 36 | |
| x | + | Guðjón Gestsson | Vetleifsholtsparti Ásahrepp | 32 | |
| x | x | Ólafur Sveinsson | Reykjavík | 28 | |
| x | + | Sigurbjörn Jónsson | Lambhús Akranesi | 35 | |
| x | x | Stefán Gestsson | Vetleifsholtsparti | 25 | |
| | x | Guðjón Kr. Jónsson | Aðalbóli Akranesi | 17. | x 300 kr. |
| | x | Albert Eiríksson | Árbæ Ölfusi | 16 | Elsbert. |
| | | Sigmundur Hildibrandsson | Vetleifsholti Ásahr. | 32 | Elsbert |
| | | Geir Hildibrandsson | — do — | 26 | Elsbert |
| + | x | Jóhannes Teitsson | Reykjavík | 61 | |
| + | | Sigurður Jóhannesson | do | 16 | |
| + | x | Timotheus Ólafur Guðmundsson | Staðarbakka Akranesi | 16 | |
| + | x | Ólafur Einarsson | Árbæ Ölfusi | 18 | |
| + | | Kláus Jónsson | Ausu Borgarf. | 23. | |
| | x | Guðm. Þórðarson ~~Selj...~~ | Seljadal Kjós | 20 | 200 kr. |
| | | Sigvard M. Larsen | norðmaður | 30 | 250 kr. |
| | | Jakob Hafstad | — do — | 19. | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arbejderforsikringsraadet í Kaupmannahöfn hefur veitt eptirnefndum vandamönnum sjómanna, sem drukknuðu á fiskiskipinu „Ingvar“ 7. apríl 1906, þessar styrksupphæðir, sem þeim hafa verið greiddar fyrir milligöngu stjórnarráðs Íslands:

1. ekkju stýrimanns Júlíusar Ásgeirssonar til heimilis í Reykjavík 2800 kr.

2. ekkju hásetans Tómasar Tómassonar til heimilis á Akranesi 2800 kr.

3. ekkju hásetans Þorsteins Jónssonar til heimilis í Reykjavík 2800 kr.

4. ekkju hásetans Guðjóns Gestssonar til heimilis í Vetleifsholts-parti í Ásahreppi 2800 kr.

5. bróður hásetans Jóhannesar Teitssonar, gamalmenninu Rögnvaldi Teitssyni í Reykjavík 350 kr.

6. Móður hásetans Stefáns Gestssonar, til heimilis í Vetleifsholtsparti í Ásahreppi 400 kr.

7. bústýru og barnsmóður hásetans Ólafs Sveinssonar, Steinunni Jónsdóttur í Reykjavík 800 kr.

8. barni sama háseta Guðrúnu Ólafsdóttur 800 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. barni sama hásêta, Haraldi Axel Ólafssyni . . . 800 kr.

10. bræðrum hásêtans Ólafs Einarssonar frá Árbæ í Árnessýslu, Hannesi og Magnúsi báðum á ómagaaldri og sveitarframfæri 300 kr. hvorum = 600 kr.

11. föður hásêtans Tímoteusar Ólafs Guðmundssonar, Guðmundi Guðmundssyni á Staðarbakka á Akranesi . . . 600 kr.

12. föður hásêtans Klásusar Jónssonar, Jóni Eggertssyni á Austri í Borgarfirði . . . 600 kr.

Stjórnarráð Íslands, 2. skrifstofa, 3. okt. 1909.

Jón Hermannsson.

Til
herra kaupmanns G. Zoëga,
R. af Dbr. og Dbrm.
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um ekkjur o. fl., sem urðu einstæðingar á síðastl. vetrarvertíð.

1. Anna Jakobína Gunnarsdóttir, Laugaveg 60, ekkja eftir Stefán Daníelsson skipstjóra á "Georg", 34 ára gömul. Hún á 4 börn frá 1 til 8 ára gömul. Dánarbúið talið eigandi að hálfri húseigninni No. 60 á Laugaveg, en á eigninni hvílir mikil skuld. Dánumaðurinn átti 1/6 úr skipinu Georg, sem fórst í vetur. En sú eign er öll í víxilskuld. Aðrar eignir engar nema fatnaður, rúm og nokkrir innanstokksmunir. Á búinu hvíla þar að auki talsverðar aðrar skuldir. Er hagur ekkjunnar mjög þröngur og efnin og hún sjálf sárheilsulaus.

2. Þórdís Guðmundsdóttir, [illegible] í Hafnarfjörð, ekkja Jóns Daníelssonar af skipinu Georg, 34 ára gömul. Hún á eitt barn ársgamalt og hefir sæmileg efni.

3. Þórunn Sigurðardóttir, Laugaveg 54, ekkja Jóns Guðmundssonar af Georg, 30 ára. Hún á 2 börn, annað 2ja ára, hitt nýfætt. Bláfátæk, eignir engar, en skuldir fá. Hún er nýstigin af sæng, en hefir sæmilega heilsu.

4. Karítas Jónsdóttir, Lindargötu 21, ekkja Þórarins Guðmundssonar af Georg, 44 ára. Hún á 5 börn, af þeim 1 fermt og hin 1 til 14 ára. Dánarbú á að nafninu litlum bæ, en á honum mikil

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kuld (1200 kr.). Aðrar eigur engar nema fatnaður, rúm og fleira þess háttar og ómerkir innanstokksmunir. Ekkjan mjög heilsulítil og á við hagi bága.

5. Steinunn Ísaksdóttir, Laugaveg 60, ekkja Guðmundar Steinssonar af Georg, 50 ára gömul. Á 14 ára gamlan dreng. Skínandi fátæk, alveg snauð, hraust, þrifin og ötul til vinnu.

6. Kristín Runólfsdóttir, Laugaveg 84, ekkja eftir Ólaf Jónsson af Georg, 45 ára. Engin börn, lagleg efni. En heilsa ekkjunnar er léleg nú í sumar, annars verið dugnaðarmanneskja, og fremur í von, að heilsan batni.

7. Ragnheiður Einarsdóttir, Lindargötu 12, ekkja eftir Þorvarð Daníelsson af Georg, 46 ára. Hún á að sjá fyrir 4 börnum og hálfáttræðri tengdamóður. Einn drengur er 16 ára. Á lítinn part í íbúðarhúsi sínu, en aðrar eigur engar, en allmiklar skuldir. Ekkjan sæmilega heilsugóð og dugleg, en á við mjög þröngan og erfiðan efnahag að búa.

8. Sigríður Árnadóttir á Melnum, 66 ára, Móðir Þorsteins Péturssonar af Georg. Er ekkja og hefir misst 2 mannvænlega syni sína í sjóinn á síðustu 4 árum, og hefir nú engan aðstoðarmann. Hún sér fyrir dóttur sinni bagaðri og barni hennar og öðru dótturbarni til. Hún [á] lítið hús með allmikilli lóð. Sjálf er hún

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þrotin að heilsu og kröftum.

9. Elín Guðmundsdóttir, Njálsgötu 51 B, 27 ára, ekkja eftir Jóhannes Jóhannesson, sem drukknaði frá Flateyrarstöðinni í síðastl. vetur. Hún á 4 börn á 1. til 8. ári, er sárfátæk og alleigna-laus og hagur hennar afarbágur. Hún er ný-staðin af sæng eftir barnsburð, en annars sæmilega heilsugóð.

Upplýst: 4 börn, 1 nýfætt —

Rvík 15. júní 1907.

Ólafur Ólafsson.

10. Guðrún Snorradóttir á Selfossi, sem sjötug er, móðir bræðranna Hjörleifs og Guðjóns Jónssonar, sem báðir drukknuðu á Georg. Efni hennar eru orðin mjög lítil, og hagur hennar bágur. Sjálf er hún orðin uppgefin og þrotin að heilsu og á engan styrktarmann eftir lát sona sinna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristiansund N. den 10de mai 1906

Hr. H. P. Duus.
250
Reykjavik.

Jeg har erfaret gjennem aviserne at de mandskaber som omkom ved fiskekutter „Ingvars" forlis udenfor Reykjavik den 7de april skal være assureret i et Dansk assuranceselskab.

Da min mand Sigvart M. Larsen var blandt de omkomne, tillader jeg mig herved at forespørge om saa er tilfælde og om hvor stort Beløb assurancen lyder paa. Jeg er herved saa fri at bede Dem være saa venlig at give mig den fornødne oplysning herom snarest muligt, og til hvem jeg skal henvende mig for at faa assurancebeløbet udbetalt. Da jeg paagrund af de indtrufne omstændigheder er blottet næsten for alle livsfornødenheder vilde en saadan understøttelse være meget kjærkommen i disse for mig saa trykkende tider.

Ærbødigst
Anne Larsen.
adr. Edv. Kjelles gaard,
Kristiansund N.

250 kr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Th. Thorsteinsson

Post Box A 7.

Reykjavik, 15 Octbr 1907.
Iceland.

Copi

Fru Anna Larsen.

Kristiansund

Komiteen for Indsamling af Penge til de under Stormen d 7de April f. A. forulykkede Søfolks Efterladte her fra Firmaet H P Duus Kuttere, fik tilstillet Deres Brev af 10 Novbr 1906, hvori De udbeder Dem Oplysninger om hvorvidt De kunde henvende Dem, for at faa en Understøttelse.

I Anledning heraf skal Komiteen ikke undlade at meddele, at der fra Indsamlernes Side ikke kan udredes nogen Udbetaling af Hensyn til Deres afdøde Mands Nationalitet, da Indsamlingen kun gjaldt Islandske Søfolk.

Derimod har den ovennævnte Komitee faaet Penge til at yde Dem et lille Beløb af det til de Skadelidte indkomne Penge og sender Dem nu pr Postanvisning Kr 250.- for hvilket Beløb Deres Kvittering udbedes.

Med særdeles Agtelse.
G. Zoëga (Sign.)
(Komiteens Kasserer)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ytrahólmi 5. febrúar 1907.

Háttvirti hr. alþingismaður!

Með kærri þakklæti fyrir viðtökurnar heima hjá yður.

Ég gleymdi alveg, að fara það í tal við yður eftir beiðni Helga Guðmundssonar á Kringlu hér á Akranesi, hvort þess mundi ekki vera neinn kostur að hann yrði aðnjótandi einhvers af mannskaðasamskotunum. Eins og kunnugt er mistu þau hjón 4 syni sína uppkomna og 1. dóttir í sjóinn haustið 1905. Helgi og kona hans eru bæði komin, sem maður segir, á fallandi fót. Sömuleiðis hvort tengdadóttir sín, sem hefur fyrir 2 ungum börnum að sjá, og dvelur á heimili þeirra hjóna, mætti nokkurs vænta af téðum samskotum.

Ég mintist á þetta við hr. kaupmann Geir Zoëga.

Þrátt fyrir það, þó samskotin nái kanske ekki nema til mannskaðans mikla síðastliðið ár, væri að þar er nóg finst, þarsem samskotaféð hefur náð svo mikilli upphæð, mjög velviðeigandi að veita þessa heimili dálitla hluttekningu af samskotonum í hinum sorglega og stórkostlega missir þess.

Sv. 20/2-

Með kærri kveðju til yðar og konu yðar —

Yðar einlægur
Oddg. Ottesen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorvaldur sál. Gissurson

drukknaði á Sophie Wheatly

Faðirinn: Gissur Bjarnason, Hafnarfirði – fátækir foreldrar sem áður höfðu misst annan son sinn út af "Caroline". – Þorvaldur heitinn var assúreraður fyrir 1000 kr., sem enn hafa ekki fengist útborgaðar. –

24/9/07

Flygenring

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.85
56
7.41

30
5.76

2.43
6.50
2.25
11.18

6.85
9.38

304.22
320
11.70
268
219
236

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér virðingarfylst að sækja um, að geta komist til greina og fengið nokkurn fjárstyrk af samskotafé því, er safnaðist síðastl. ár til styrktar ekkjum þeim, er mistu menn sína í sjóinn á fiskiveiðum það ár. Eg er ekkja Jóns Jónssonar (frá Höll), sem eitt sinn var dyravörður barnaskólans. Hann drukknaði úr fiskiróðri 2. sept. 1906 á Steingríms-firði. Eg er að sönnu einhleyp og get að vísu ekki kallast alveg efnalaus, og er komin hátt á sjötugsaldur og heilsa mín og kraftar farin að veiklast og sé eg fram á vaxandi þurð efna minna. Væri eg því mjög þakklát ef eg fengi nokkurn styrk af ofannefndu fé.

Reykjavík, Lindarg. 8. 15. apr. 1907.

Vilborg Gunnarsdóttir.
(handsalað)

Til
stjórnarnefndar samskotafjárins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um druknaða af Akranesi 7. apríl 1906 og um ástæður þeirra og nánustu aðstandendur.

1. Tómas Tómasson, lausamaður frá Sandi, 41 árs, lætur eftir ekkju og 4 börn, 13, 11, 11 og 5 ára, eitt af þeim er í fóstri hjá öðrum; ekkjan fátæk og aðstandendur hennar.

2. Guðjón Kristinn Jónsson, frá Aðalbóli, 17. ára. Foreldrar hans eru hússhjón á Akranesi, fátæk, eiga 2 börn, 14 og 11 ára.

3. Tímoteus Ólafur Guðmundsson, frá Staðarbakka, 16 ára. Foreldrar hans eru hússhjón, faðirinn heilsulaus og hefir legið sjúkur allan síðastl. vetur, móðirin heilsulítil, mjög fátæk, eiga 1 barn, 14 ára, heilsutæpt.

4. Sigurbjörn Jónsson, vinnumaður frá Lambhúsum, 35 ára. Unnusta hans er Jónína Kristín Jónasardóttir hér á Akranesi. Hann átti bæði alsystkini og hálfsystkini. Efni lítil.

5. Kristján Guðmundsson, húsmaður frá Sólmundarhöfða, 53 ára, lætur eftir heilsulausa ekkju og 2 dætur hér heima, 18 og 16 ára, aðra í vist hjá öðrum og 1 dóttur í Ameríku. Efni fremur lítil. Með honum druknaði sonur hans:

6. Guðmundur Sveinn Kristjánsson, 14 ára.

7. Hannes Ólafsson, húsmaður frá Sólmundarhöfða, 23 ára; lætur eftir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekkju og 2 börn, 1 og á 1. ári. Hafði keypt lífsábyrgð 1600 kr., bláfátækur að öðru leyti.

8. Ólafur Ólafsson, húsmaður frá Sölmundarhöfða, 47 ára, lætur eftir ekkju, heldur heilsulitla og bilaða og 3 börn, 15, 11 og 8 ára, bláfátækur.

9. Guðmundur Bjarnason, húsmaður frá Háukjálegu, 22 ára, og

10. Þorsteinn Bjarnason frá sama bæ, 17 ára, bræður, höfðu til umsjónar hjá sér aldraða foreldra sína, föðurinn sjónlitinn, halten og bæklaðan. Efni dálítil.

11. Árni Guðmundsson, húsmaður frá Suðurvelli, 44 ára, bróðir nr. 5., lætur eftir ekkju og 1 barn, 12 ára. Efni tölu verð.

12. Sigurður Jónsson, húsmaður frá Suðurvelli, 35 ára, lætur eftir ekkju og 2 börn, 6 og 3 ára. Efni lítil, sem engin

13. Guðmundur Þorsteinsson, húsmaður frá Sjóbúð, 49 ára; bjó með ekkju, er hann var trúlofaður. ~~[illegible]~~ átti uppkomna sonu 2. (ókvæntur), átti systkini eða að minsta kosti bróður í Reykjavík. Efni lítil.

14. Guðmundur Magnússon, húsmaður frá Efstabæ, 55 ára, lætur eftir ekkju og 2 börn, 12 og 9 ára. Efni nokkur.

15. Kristján Magnússon, bóndi frá Stórubúðu, 50 ára., lætur eftir ekkju og 1 barn, 12 ára. Efni engin.

16. Guðmundur Jónsson, húsmaður 21 árs, átti eiginlega heimili í Hafnarfirði og Reykjavík síðastl. vetur., kvæntist hér síðastl. hausti; lætur eftir ekkju, sem nú er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hér til heimilis hjá foreldrum sínum; barnlaus. Efni ekki teljandi.

Akranesi 12. júlí 1906.
Jón Sveinsson.

Aths. № 1.–4. drukknuðu af þilskipinu „Ingvar", eign Duusverzlunar í Reykjavík, en 5.–16. af þilskipinu „Emilie", eign Th. Thorsteinssons.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að við höfum heyrt
að nú ætti að fara að útbýta sam-
skótafje því, sem safnað hefir verið
handa aðstandendum þeirra manna
sem druknuðu í mannskaðaveðrinu
mikla hinn 7. april 1906. Leyfum við
okkur undirskrifuð foreldrar Ólafs
sáluga Sveinssonar, sem nefndan dag
drukknaði af fiskiskipinu „Ingvar“
að fara þess á leit við hina háttvirtu
nefnd sem úthlutar þessu samskota-
fje, að okkur verði veittur dálítill
skerfur af þessu fje. Vegna þess að
við erum fátæk, og bæði gömul. og
heilsulitil. og eigum engan að sem
neitt verulega getur liðsint okkur.
Jeg Vilborg Ólafsdóttir, sem er á
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að jeg aðeins með veikum kröptum
get á fótum verið, og má búast við
að jeg þá og þegar leggist algjörlega
í rúmmið. Og jeg Sveinn Guðnason
sem níver á 63. aldursári hefi lengi
verið mikið heilsubilaður, er nú farinn
svo að missa sjón, og sú sjóndepra
er alltaf að ágerast, svo jeg óttast
fyrir að jeg ef til vill geti lítið
unnið fyrir lífsframfæri mínu í
framtíðinni.

Lindargötu 5. Reykjavík 7. oktbr 1907

Virðingarfyllst

Sveinn Guðnason Vilborg Ólafsdóttir

Til
nefndar þeirrar sem úthlutar samskota-
fjenu, sem gefið hefir verið handa
aðstandendum þeirra manna sem druknuðu 7. april 1906

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gaulv.bæ 3. jan. 1907.

Háttv. herra lektor!

Brjef yðar frá 13. des. fjekk jeg litlu fyrir jólin.

Foreldrar Guðna Einarssonar sál. frá Brandshúsum eru bæði á lífi, og eiga heima á Andrjesfjósum á Skeiðum hjá Ólafi syni þeirra, sem býr þar. Eigi mun Guðni neitt hafa styrkt þau, enda þess ekki þörf. Aptur á móti hjálpaði hann víst optast árlega eitthvað dálítið Einari bróður sínum bónda í Brandshúsum, sem hann hafði heimili hjá. — Hann var ókvæntur og barnlaus.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] 3. júní 1907.

Sigurbjörn sál. Jónsson frá Syðri-Gröf átti bæði foreldra á lífi: Jón Oddsson 59 ára og Sigurbjörgu Sveinbjarnardóttur 62 ára. Þau fluttust síðastl. vor suður að Litla-Hólmi í Leiru, hann sem útimaður, hún sem húskona, að mjer er sagt. Þau eru fátæk og farin að heilsu. Eiga 2 sonu eptir. Annar unglingur. En hinn var farinn ásamt Sigurb. sál. að líta til foreldranna með tóbak og persónul. smávegis.

Eigur átti Sigurbjörn víst litlar. En Guðni hygg jeg að hafi átt nokkuð til, sem víst mun renna til foreldranna. — Því get jeg að síðustu bætt við, að Einar í Brandshúsum er mjög fátækur maður, hjúum og með nokkra ómegð enn, svo að full þörf var fyrir styrk Guðna sál. þangað.

Fleiri upplýsingar hugkvæmast mjer ekki, en skal fúsl. svara, ef spurt er.

Með virðingu og vinsemd, Yðar

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að snúa mjer til hinnar heidrudu „samskotanefndar munadarleysingja sjódrukknadra sídast lidinn vetur" og fara þess á leit hvort hinni heidrudu nefnd virtist ekki ástæda til að Jón nokkur Ólafsson sem nú dvelur eignalaus hjer í hreppi njóti einhvers styrks af fje því sem komið hefir inn til styrks ofan nefndum munadarleysingjum. og leyfi jeg mjer hjer með að lýsa á-stædum hans.

Jón þessi Ólafsson var fadir Sigurdar sál. Jónssonar, á Sudurvöllum, á Skipa skaga sem drukknadi af fiskiskútunni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Emalie" sídast lidinn aprílmánud
Sigurdur sál byrjadi strax á unga
aldri ad vinna fyrir foreldrum
sínum, en sídustu árin gaf hann
allmikla fjárhæd med födur sínum
en sídasta árid tók hann hann á
heimili sitt og ól þannig önn
fyrir honum

Jón Ólafsson er nú kominn
á áttrædis aldur. Vard fyrir nokkru
hálfbrjáladur og hefir aldrei ordid
sami madur sídan. er alveg eignalaus
og liggur því ekki fyrir honum
annad en hreppurinn. Á ad vísu tvo
sonu en annar þeirra er svo heilsu
laus ad þadsem hann innvinnur sjer
fer í medul; en hitt er unglingur
sem ekki er útlit fyrir ad geti nokk-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um tíma styrkt födur sinn edur
adra.

Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer
ad bidja hina heidrudu nefnd ad
taka til athugunar hvort manni
þessum mundi ekki bera einhver
styrkur af ofannefndum samskotum

allra þegnsamlegast

Hvalfjardarstrandarhreppi 25 okt 1906

Bjarni Bjarnason
(oddviti)

Til

samskotanefndar „munadarleysingja
sjódrukknadra“
í Reykjavík

200 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð vottast, að hr. oddvit.
Bjarni Bjarnason á Geitabergi
skýrir að öllu leyti rjett frá
högum Jóns Ólafssonar, að því við-
vfíkur, að hann er samkv. kirkju-
bókum hjer á 1^{ta} ári yfir sjötugt

Sóknarprestinum í Saurbæjar-
prestakalli á Hvalfjarðarströnd

28. okt. 1906.

Einar Thorlacius.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Guðbjartur Guðmundsson sem drukknaði í Grindavík 14. f.m. átti heimili hjá móður sinni og stjúpa (Margrét Hróbjarts-dóttur og Sigurði Sigurðssyni) sem eru eigendur að hálfu húsinu Nr 52 í Njálsgötu. Hann var trúlofaður stúlku úr Grindavík en barn áttu þau ekki; hún er nú flutt alfarin til foreldra sinna.

Móðir Guðbjartar sál. er 60 ára gömul en allvel hress, og hefur dágóðar efna-ástæður, þar sem hún á lifandi* efnilega dóttur 16 ára gamla, sem er í vist hér í bænum; aðra dóttur á hún í Ameríku gifta. Maður hennar er duglegur verkmaður til lands og sjávar.

2. Haldór Guðbrandur Guðbrandsson sem drukknaði með Guðbjarti var talinn vinnumaður hjá Þorbjörgu Sigurðardóttur lausakonu í Njálsgötu Nr 62 og voru þau búin að vera saman í nærfelt átta ár, en áttu ekkert barn. Haldór sál. mun að mestu leiti hafa styrkt móður sína, Kristínu Jónsdóttur, sem er orðin öldruð og veikburða og ekki getur unnið ~~aðra~~ erfiðað ~~vinnu~~ en lítið eitt í höndunum; hún á nú eftir á lífi 3 börn öll uppkomin 2 gift [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Leiru en 1 dóttir hér ógift.
Hin síðustu ár undanfarin hefur
Kristín verið með stúlku, sem var
trúlofuð syni hennar, en misti
hann fyrir nokkrum árum og átti
eitt barn eftir hann; hún heitir
Margrét Jónsdóttir og hefur átt heimili
á Veghúsum síðastliðið ár og
er nú í sama stað; en af
einhverjum ástæðum hefur Kristín
gamla ekki getað verið lengur með
Margréti og hefur því fengið leigt
í Njálsgötu 48.; eins og undan-
farin ár hefur hún lítið annað til
að lifa af en það sem börnin hennar
leggja henni til framfæris.

Reykjavík 25. maí 1906

Ólafur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um Stefán heitinn Bjarnason frá Túni, er drukknaði af skipinu „Emilie" 7. apríl síðastl. og aðstandendur hans.

Stefán Bjarnason var á 19. ári, vinnumaður hjá móður sinni Guðfinnu Guðmundsdóttur, búandi ekkju í Túni.

Aðstandendur hans voru ekki aðrir en móðir hans og 7 systkini, öll uppkomin nema 1, drengur 10 ára gamall.

Móðir Stefáns heitins er 53 ára að aldri, hefur setið í óskiptu búi síðan maður hennar drukknaði við Stokkseyri 10. marz 1897. Hún brá búi í vor; skiptum er enn ekki lokið, en að þeim loknum mun eign hennar verða um 1500 krónur.

Hraungerði og Laugardælum 13. ágúst 1906

Ól. Sæmundsson    Eggert Benediktsson

Til

samskotanefndar til handa aðstandendum sjódrukknaðra 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Patreksfirði 16. maí 1906

Með brjefi dags. 14. þ.m. óskið þjer, herra sýslumaður, upplýsinga um erfingja og eftirlátnar eignir þeirra Guðjóns Ólafssonar og Guðm. Guðmundssonar, er drukknuðu í mannskaðaveðrinu 7. f.m.

Því er þannig varið:

1. Guðm. Guðmundsson var ekkjumaður og ljet eftir sig 2 dætur ungar. Jeg hef falið hreppstjóra að skrifa upp eignir hans, en ekki fengið virðingargjörðina, en munnlega hefur hreppstjórinn skýrt mjer frá að þær litlu reitur, er hann ljet eftir sig, muni tæplega hrökkva fyrir skuldum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Guðjón Ólafsson var einhleypur lausamaður, en efnalaus eða sama sem. Hann lætur eptir sig aldraða og efnalausa móður, sem er vinnukona á Hvaldalstorm, Sigurbjörg Jónsdóttir, og 2 alsystur á 16. og 17. ári einnig í vinnumennsku. Einnig átti hann nokkur hálfsystkin sem munu vera eldri og bjargálna fólk að því er jeg frekast veit.

Frekari upplýsingar mundi jeg geta gefið með nokkrum fyrirvara, ef óskað yrði.

Virðingarfyllst

[illegible signature]

Velborinn
herra bæjarfógeti Páll Einarsson
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um Gudlaug heitinn Gudmundsson, er drukknaði á síðast liðinni vetrarvertíð í Grindavík, og aðstandendur hans.

Gudlaugur heitinn Gudmundsson var 19 ára að aldri, vinnumaður í Hjálmholtskoti. Hann hafði fengið nokkurt kaup í 3 ár og var á leiga honum 4 kindur og hnakkur, auk íverufatnaðar. Útfararkostnað, 34 Kr., greiðir húsbóndi hans, sem kaup fyrir vistarár það, er hann drukknaði á.

Aðstandendur Gudlaugs heitins eru, móðir hans, Ingibjörg Jónsdóttir í Helli í Ölfusi 63 ára að aldri, og 7 systkini hans, sem öll eru bláfátæk, (sum á sveit) nema 1 maður rúmlega tvítugur, sem eitthvað kynni að geta styrkt móður sína, væri hann hjer nálægt henni, en hann er lausamaður einhverstaðar á Austfjörðum, og hefur ekkert vitanlega ekki styrkt hana enn þá.

Móðir Gudlaugs heitins á alls ekkert til, og verður að vera til skiptis hjá tveimur börnum sínum, sem hjer nærri henni eru búsett, en sem alls ekki eru fær um að halda hana endurgjaldslaust, sem sjá má á því, að annað þeirra, Ingimundur Gudmundsson, bóndi á Brúnastöðum, er á sveit, og hitt er lítið betur statt.

Hraungerði og Laugardælum 13. ágúst 1906

Ól. Sæmundsson  Eggert Benediktsson

Til
samskotanefndar til handa sjódrukknaðra aðstandendum í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsatóptum í Grindavík.
23. maí 1906

Herra bæjarfógeti Páll Einarsson
Reykjavík.

Í tilefni ~~af~~ heiðruðu bréfi yðar dags. 15. þ.m., skal eg hérmeð leyfa mér að tjá yður, að á meðal þeirra er drukknuðu ~~héðan úr~~ af bát þeim er fórst héðan úr hreppnum hinn 14. apríl næstliðinn, var Jón Jónsson bóndi á Hópi hér í hreppi. Lætur hann eptir sig ekkju: Guðrúnu Sigurðardóttir, og fjögur börn, hið elsta á 14. ári, en hið yngsta 3 ára, þar að auk forsorgaði hann föður sinn fjör-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gamlann, og tengdamóðir. — Jafnvel
þó Jón heitinn væri dugnaðar og
sparsemdarmaður hinn mesti, lætur
hann þó litil efni eptir sig, enda hafði
hann þungt heimili fram að færa.
Það eru að eins örfáar skepnur
sem búið á, og fiskur sá er aflast
hafði á vertíðinni, áður en slisið
vildi til. — Hinir sem drukknuðu
með Jóni heitnum, voru utan-
hreppsmenn: Guðbjartur Guð-
mundsson og Halldór Guðbrandsson
báðir úr Reykjavík, Guðlaugur
Sigurmann Guðmundsson frá
Hjálmholtskoti í Flóa, og Sigurbjörn
Jónsson frá Syðri Gröf í Flóa. Menn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessir voru ókvæntir, en mér er ekki kunnugt um, hvort þeir hafa átt börn, eða foreldra sem þeir hafa forsorgað.–

Virðingarfyllst

Einar Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Jafet Ólafsson giftur Margrjeti Jónsdóttur

börn þeirra — 1 stúlka 8 ára

foreldrar — Ólafur Jafetsson bóndi á Keflavík og Herdís Magnúsdóttir á Hvassahrauni sem var styrkt af

(hálfbróðir) — Jafet sini sínum og hálfbróðir hans Steindórs Helgasonar sem dó á sama skipi.

×

Gísli Hallsson giftur Sigríði Ólafsdóttur

börn þeirra — 1 stúlka vanul ársgömul 2að barn hans óskilgetið Guðrún × 11 ára sem hann átti með Sigurlínu Kabraziusardóttir og er hún á Reiðarfyrði; hann gaf með barninu því árlega 40 krónur.

Foreldra — Hallur Pétursson á Ísafyrði, og Solveig (dáin)

bræður hans — Hafliði Hallsson bóndi á Ísafyrði og Jón Hallsson bóndi á Lindargötu No 7 hjer í bænum.

Ástæður — mjög fátæk hann lá lengi árið sem leið og faðir hans var líka veikur hjá honum.

Guðfinnur Þorvarðsson ógiftur

Börn hans — Guðmundur Guðfinnsson 21. ára á Spítalastíg 6 (er á latínuskólanum) Ingvi Guðfinnsson 18. ára Vonarstræti No 6 (er að læra járnsmíði)

Foreldrar — Þorvarður Erlendsson, Ingveldur Jónsdóttir (bæði dáin)

Bróðir hans — Erlendur Þorvarðsson Felli í Biskupstungum

Ástæður — Efnalaus. (Börnin eiga arfleiðsluskrá eftir hann)

Jón Bjarnason Klöpp ógiftur Helga Steingrímsdóttir

Barn þeirra — 1 Barn Ása Jórunn Jónsdóttir á 1a ári

Foreldra hans — Bjarni Jónsson og Bjarndís Bjarnadóttir í Hjörsey

Bræður hans — Guðmundur Bjarnason skraddari hjá Ásgeiri Sigurðssyni og Halldór Bjarnason Gröf í Miklaholtshreppi

Ástæður — Mjög efnalítil

×

Jón Sigurðsson Grettisgötu 50.

Ógiftur Barnlaus hjá foreldrum sínum

foreldrar — Sigurður Hallsson og Petrónella Júlíana Jónsdóttir á sama stað hjer í bænum.

Systkini — Ólafía Sigurðardóttir 24. ára og Kristín Sigurðardóttir (3 ára

Ástæður — Pilturinn var fátækur þó ástæður heldur góðar áður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II

Konráð Magnússon ógiftur barnlaus: hjá
(foreldrar) móður sinni Pálínu Oddsdóttir, Magnús Kaspar-
ússon í Ameríku hún Gömul ógift hefur verið
að basla fyrir piltinum drenginum
Bræður eða systkini enginn.
Ástæður Slæmar Efni engin

Steindór Helgason Skólavörðustíg 14.
Ógiftur Barnlaus
Foreldrar Helgi Jónsson dáinn og Herdís Magnúsdóttir
Hvassahrauni Vatnsleysuströnd (voru ógift)
Systkini Jafet Ólafsson hálfbróðir hans.
Ástæður Var heldur fátækur

Ólafur Sveinsson Bjargarstíg
foreldrar hans Sveinn Guðmundsson og Valborg Ólafsdóttir
búandi á Lindargötu No 5.
Systkini Jónas Sveinsson og Oddrún Sveinsdóttir
Ástæður Ógiftur bjó með Steinunni Jónasdóttur
og á með henni 1 barn 6 ára gamalt
og með Önnu Guðmundsdóttir átti hann
1 barn 5 ára gamalt sem hann eftir
Amtsúrskurði borgaði með árl. 40 kr
efni Var fátækur mjög

Páll Einarsson
lögregluþjónn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Höskuldarkoti 28. maí 1906

Sem svar uppá heiðrað bréf yðar af 15 þ.m. vil eg tjá yður að vinnumaður minn Gísli Gíslason er druknaði 7. þ.m. lætur eftir sig uppgefna og fatlaða móðir Sigríði Ólafsdóttur til heimilis í Keflavík hjá Helga bakara Eiríkssyni. Eigur lætur hann svo sem engar eftir sig. Hann ætlaði sér, hefði honum auðnast líf, að aðstoða móður sína. Tvö systkyn átti hann sem eru uppkomin og sjálfbjarga, en þó ekki líkur fyrir að þau í efnalegu tilliti fyrir framtíðina bæti Sigríði sonar missinn, því hún átti góðum syni á bak að sjá. Aldur Sigríðar mun vera um 60 ár

Virðingarfyllst

Ágúst Jónsson

Til

herra bæjarfógeta Páls Einarssonar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt ósk yðar, herra sýslumaður. í brjefi dags. 14. þ. m. sendi jeg yður eptirfarandi upplýsingar áhrærandi þá 4 menn úr Þingeyrarhreppi, sem fórust með skipinu „Sophie Wheatly“ 7. f. mán.:

Gísli Steinþórsson frá Brekku í Brekkudal – ekki Kirkjubólsdal – var lausamaður, en jafnframt aðalstoð móður sinnar, Ólafíu Gísladóttur, sem er ekkja en nú búlaus, en þó við nokkur efni. Hann var ógiptur og barnlaus, mun hafa átt nokkurn arf eptir föður sinn, sem ekki hefur þó farið fram úr kr. 500.–.

Jón Guðmundsson var vinnumaður hjá föður sínum Guðmundi bónda Natanaelssyni á Kirkjubóli, sem er einn meðal efnabetri bænda í Þingeyrarhreppi. Jón heitinn var ógiptur og barnlaus. Efni lætur hann engin eptir sig.

Jón Hákonarson, var síðasta ár „sjálfs síns maður“ en hafði að undanförnu verið vinnumaður hjá föður sínum, Hákoni bónda Jónssyni í Haukadal, sem er góður bjargálna bóndi. Jón heitinn var ógiptur og barnlaus. Efni átti hann engin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorbergur Eggertsson var lausamaður; faðir hans Eggert Andrjesson á Skálará í Keldudal, er bóndi sæmilega efnum búinn. Þorbergur heitinn var ógiptur og barnlaus. Efni lætur hann engin eptir sig.

Skyldmenni hafði enginn þeirra, fyrir að sjá nje heldur skylduómaga.

Virðingarfyllst,
Söndum 24. mai 1906
Þórður Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til að gefa álit um ástæður og efnahag ekknanna Jórunnar Þorgilsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur, beggja á Eyrarbakka, skulum hérmeð leyfa oss að taka fram:

1. Jórunn Þorgilsdóttir er nú 75 ára gömul. Hún dvelur hjá syni sínum, bláfátækum manni, sem á 10 börn í ómegð, og getur því ekki liðsint henni. Er mjög efnalítil, á í hæsta lagi c. 600 kr., en er arfleidd að lífsábyrgð Arnbjarnar Sigurðssonar, sonar síns, er fórst með skútunni „Sophie Wheatly", 7. apríl þ. á. Hljóðar sú lífsábyrgð upp á 1000 kr. Heilsa Jórunnar er allgóð eftir aldri.

2. Ingibjörg Jónsdóttir er nú 56 ára gömul. Hún á engan að; á að vísu tvítuga dóttur, en hún getur ekkert liðsint henni. Hún á ekkert til, nema 2–3 kindur og bæinn, sem hún býr í, sem í hæsta lagi er 300 kr. virði, en af þessu skuldar hún talsvert. Hún er biluð að heilsu. Hún missti vor 2 sonu sína, Eyvind og Þórð Eyvindssonu, sem báðir fórust með „Sophie Wheatly". Hún hefir til fósturs dóttur Eyvindar sál. 2 ára gamla. Dálítið hefir henni verið hjálpað, framt að 200 kr., af mönnum hér í þorpinu, eða í grend við það.

Fleira finnum við ekki ástæðu til að taka fram, en álítum mjög æskilegt, að nefndar ekkjur gætu orðið hjálpar aðnjótandi af fé því, er skotið hefir verið saman í þessu skyni.

Eyrarbakka 22. júlí 1906

Gísli Skúlason. K. Jóhannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg undirskrifaður mér að spyrjast fyrir um það, hvort eg sem faðir Ólafs sál. Eiríkssonar frá Koti, er druknaði af skútunni Sophie Wheatley 7 apr. þ.á., get orðið aðnjótandi nokkurs styrks af samskotafénu til ~~hinna~~ aðstandenda hinna sjódrukknuðu þ.á. Ástæður mínar eru þannig, að eg er fyrirvinna hjá fátækri ekkju, og sjálfur félaus, en hefi fyrir að sjá dóttur minni [illegible], mesta aumingja, og 1 barni á 1. ári. Eg vona að hin háttvirta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samskotanefnd tæki það
ekki illa upp, þó að eg leyfi
mér að spyrjast fyrir um
þetta, og væri mér kært að
fá heldur fyr en seinna
að vita hvort eg má
nokkuð vænta í þessu efni.

Virðingarfyllst.
Eiríkur Eiríksson
frá Austurhlíð í Gnúp-
verjahreppi.

Til
samskotanefndarinnar
til aðstandenda [illegible]
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vottorð

Ólafur Eiríksson frá Hóli í Gnúpverjahreppi, sem drukknaði af skipinu Sophie Wheatly í næstl. aprílmánuði, var 19 ára gamall, barnlaus.

Móðir hans var dáin áður, en hann erfði ekkert eftir hana né átti aðrar eignir svo kunnugt sé, enda var hann svo til nýfarinn að fá verulegt vinnumannskaup, og af því gaf hann síðasta árið 30 krónur með 11 ára gömlum bróður sínum.

Faðir hans Eiríkur Eiríksson lifir, kominn að sextugu, við bærilega heilsu, en engin efni. Hann er vinnumaður hjá fátækri ekkju, en hefur fram að færa slagaveika dóttur sína óvita 15 ára og 1 barn á 1. ári.

Fleira hugsast alls ekki að athuga viðvíkjandi högum Ólafs sál. eða aðstandenda hans.

Þetta vottum við viðkomandi prestur og hreppstjóri.

Stóranúpi og Hlíð, 5. ágúst 1906.

Valdimar Briem. Páll Lýðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til svars uppá heiðraða bref yðar hr. bæjarfogeti dags. 15 þ.m. leifi jeg mér hér með að gefa yður þær umbeðnu upplýsingar viðvíkjandi þeim 2 mönnum sem drukknuðu í mannskaðaveðrinu 7 f.m. og heima áttu í Kjósarhreppi.

Menn þessir vóru báðir ógiptir og áttu ekki börn.

Kristján sem er fæddur 10 júlí 1887 sonur Helga bónda Guðmundssonar á Hvítanesi, elstur af hans 8 börnum; hafði alla tíð hjá foreldrum sín um verið og víst unnið kauplaust eftir að hann fór að vinna. því ekki átt neinar eigur. Helgi er efna lítill maður bilaður að heilsu hefir 5 börn í ómegð og auk þess tengdamóður sína há aldraða konu.

Mátti telja Kristján sál aðalstoð heimilisins og hið sviplega fráfall hans til mikils hnekkirs fyrir foreldra hans í efnalegu tilliti; auk saknaðarins og sorgarinnar. Guðmundur var sonur Þórðar bónda Guðmundssonar í Hvammi, fæddur 25 február 1886, hafði verið hjá foreldrum sínum og unnið kauplaust, þar til fyrir 2 árum að hann fór til Gísla bónda Einarssonar á Seljadal; mun hann hafa átt að vinna þar fyrir einhverju kaupi, þó mun vistarráðning hans frá föður sínum til Gísla, að nokkru leiti hafa staðið í sambandi við það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hjá Gísla dvelur tengdamóðir hans, en móðir Þórðar, örvasa gamal menni; en hvernin sem það hefir verið, þá var hann nú alefna laus; enda slasaðist hann svo á n.l. sumri að hann var frá allri vinnu þar til nú að hann fór til sjós, sem bakaði þeim báðum, föður hans og hús bónda, all mikin kostnað. Þórðar bóndi í Hvamm er mjög efna lítill maður, bilaður að heilsu og á 4 börn í ómegð, en sinir hans aðrir þeir sem upp komnir eru, ýmis farnir eða eru frá honum að fara; ætlaði því Guðmundur sál. því heim til foreldra sinna á þessu vori. Við hið sorglega frá fall hans má því telja að Þórður sé einyrki og efna legar á stæður erfiðar mjög í fram tíðinni.

Virðingar fylst.

á Neðra Hálsi 26 maí 1906

Þórður Guðmundur

Til

Herra bæjar fógeta Páls Einarssonar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Eftirrit*

# SKRÁ

yfir vátryggingargjöld af fiskiskipinu "Anna Sophie" 190

| Tala. | Nöfn. | Heimili. | Aldur. | Staða. | Vetrar-vikur. | Sumar-vikur. | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Einar Ingibjartur Kristjánss | Hrannnir | 26 ára | Skipstjóri | | | | |
| 2. | Árni Einarsson | do | 37 „ | Stýrimaður | | | | |
| 3. | Páll Guðmunds~~son~~ Pálsson | do. | 24. | Háseti | | | | |
| 4. | Ástráður Jónsson | do | 29 „ | – do – | | | | |
| 5. | Helgi Hafliðason | Dranger | 38. | – do – | | | | |
| 6. | Jón Bjarnason | Hrauni ~~Koti~~ -ádal | 47. | – do – | | | | |
| 7. | Þorbjörn Gestsson | Fúnafjörður | 19. | – do – | | | | |
| 8. | Ingibjartur Pálsson | Hvammur | 18. | – do – | | | | |
| 9. | Maríanus Gunnlaugsson | Ísafjörður | 19. | – do – | | | | |
| 10 | Sveinbjörn Júlíus Kristjánsson | Hnífsdalur | 42. | – do – | | | | |

Skrifstofu Ísafjarðarkaupstaðar 15. okt. 1906

Rétt eftirrit staðfestir

Magnús Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala. | Nöfn. | Heimili. | Aldur. | Staða. | Vetrar-vikur. | Sumar-vikur. | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I Breve fra O. Myklastad og Cand. theol. Gislason i Reykjavik paa Island er meddelt mig Underretning om, at ved Fiskekutter Ingvars totale Forlis den 7de syvende April dette Aar, er Nordmanden Jakob Hafstad blandt dens Besætning forulykket.

Paa Foranledning af Forulykkedes Moder attesteres at Jakob Hafstad er født her i Christiansund den 21de en og tyvende August 1886 atten Hundrede otti sex af Forældre Frugthandler Erik Hafstad og Hustru Elisabeth og konfirmeret hersteds 14de fjortende April 1901 nitten Hundrede en.

Hvilket herved attesteres uden Betaling.

Christiansund den 22de Mai 1906

L. Brinchmann
Sognepræst

L. BRINCHMANN
Sogneprest
CHRISTIANSUND.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loptur. Loptsson. Styrimaður af. Valtý.
Ekkja hans, Guðrún. Jóhannesar. dóttir, 30. ára. í Vesturgötu, 44.
á, tvö börn, á, fyrsta og þriðja ári. á föður á lífi; á
áttræðis aldri. sem er hjá syni sínum upp í borgarfirði;
aðal efnin eru, hús eignin sem Ekkjan býr í, að frá
dregðinni veðskuld sem á eigninni hvílir.

Ólafur. Ólafsson sem druknað með Guðmundi
frá Nesi. Ekkja hans, Villborg Jónsdóttir, 25 ára.
til heimilis nú hjá Árna póst, á tvö born, á öðru og
þriðja ári. heilsu litil mjög fátæk. á móðir á lífi
á, 70. aldri fjelausa. á ekkert, ættfólk sem hún gjetur
vænst styrks af.

Gunnlaugur. Grímsson, Styrimaður af. Milli.
Ógiptur. barnlaus. móðir hans Ekkja. Sigríður. J. Ólafsdóttir
60. ára. heilsulitil fjelaus. með fatlaðan dreing. 13. ára
sem hún á, naut styrks Gunnlaugssonar sins
Er til heimils. Lindargötu, 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Skýrsla~~ Skýrsla yfir Ekkjur eptirtalinna manna börn þeirra, foreldra eða ættmenn og ástæður.
Af Fiskiskipinu, Ingvar.

Jóhannes, Teitsson. Vesturgötu 57. Ekkjumaður. kona hans var Anna Ólafsdóttir, hjónabandsbarn er ekkert á lífi. En óskilgetna dóttur átti Jóhannes sálugi sem er á lífi. Guðrúnu, til heimilis á Bakkafirði austra. Systkini Önnu sálugu eru þessi
Samúel. Ólafsson Söðlasmiður Laugaveg 53. B.
Sveinn Smiðjustíg. Guðbjörg á Seyðisfirði,
Guðrún á Patriksfirði. Upplýsingar um eptirlifandi systkini Jóhannesar sáluga, getur gefið. Þorsteinn Teitsson Steinsmiður Laugaveg 65.

---

Sigurður Jóhannesarson Vinnumaður, var hjá föður sínum Jóhannesi Teitssyni Vesturgötu 57. sem drukknaði sama dag,

---

Þorsteinn, Jónsson tómthúsmaður. Ekkja hans, Jesefína (Jósefína) Jónasdóttir. 37 ára Nýlendugötu 24, Eptir lifandi tvö Skilgjetin börn, annað. 5, ára, En annað, 8, ára, að aldri. Þar að auk eru tvö óskilgetin börn á lífi, annað heima. 14. ára sem Ekkjan á, en faðirinn gefur með að sinnleiti, hitt er annarstaðar 13. ára sem Þorsteinn átti, og gaf með því að sinnleiti Ekkjan er leigjandi efnalaus.

---

Af Emilíu.

Björn Gíslason. skipstjóri. Ekkja. hans. Guðrún, Ólafsdóttir, 25 ára. Nýlendugötu. 12. Eptirlifandi 1. barn. 4 ára. og móðir Guðrúnar. Helga. Pálsdóttir, farlama 67. ára. sem upp ól dóttir sína af mikilli fátækt Styrklaust. þar Guðrún misti föður sinn þegar hún var á barns aldri. á ekkert systkini;
Foreldrar Björns sáluga eru dánir. En systir hans lifir heilsulaus sem Björn sálugi annaðist með miklum kostnaði, þar hún lá þungar legur. Ólust þaug systkini upp hjá fátækri móður sinni sem var Ekkja, Efni eru ekki önnur en lítil húseign ~~að~~ sem hvílir á 1100. kr. Sjóðskuld, + lífsábyrgð?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni Sigurðsson, stýrimaður. Ekkja hans, Sigþóra Steinþórsdóttir, 25 ára, til heimilis við Seljalandsstíg, (Nýtt hús) heilsutæp, með 1. barn á fyrsta ári. Á foreldra á lífi, báði á sjötugs aldri efnalaus, til heimilis austur í Árnessýslu í skjóli barnasinna, sem öll eru fátæk. Árni sálugi átti hvorki foreldra eða systkini á lífi.

Efni eru ekki önnur en lítil húseign með ógreiddri veðskuld sem á eigninni hvílir. Lífsábyrgð 1600 kr.

Guðjón Guðmundsson vinnumaður. Ekkja hans Arnbjörg Sigmundsdóttir, 30. ára, til heimilis í Sauðagerði, hjá tengdaforeldrum sínum, Ekkert barn. En vanfær. Engin efni. Móðir hennar er á lífi, á áttræðis aldri. Efnalaus, er hjá dóttur sinni fátækri á Laugavegi.

Guðjón sálugi var hjá foreldrum sínum. Guðmundi Jónssyni í Sauðagerði sem er, 59. ára. Og kona hans 63. ára. báði heilsutæp og fátæk. Aðstoð þeirra er sonur þeirra sem vinnur hjá þeim 20. ára

Guðmundur, Guðmundsson, vinnumaður. Foreldrar hans ~~Jón Jónsson, 65. ára uppgjafa hásmaður~~

Guðmundur Árnason í Ánanaustum, 64. ára og kona hans, 68. ára eignalaus, ~~en~~ Guðmundur sálugi var hjá foreldrum sínum talin meðeigandi í orðikveðnu í húseign Þórarins bróður síns, sem á 5. börn öll í ómegð. Á húseigninni hvílir um. 6000. kr. veðskuld. Var Guðmundur sálugi aðal ellistyrks von foreldra sinna,

Kristinn, Jónsson, vinnumaður. Foreldrar hans, Jón Jónsson, 65. ár. uppgjafa hásmaður. kona hans, 55. ára heilsulítil til heimils í Ánanaustum í húsi Þórarins Guðmundssonar tengdasonar síns, sem á 5. börn í ómegð. Dóttir eiga þau aðra til, í Ameríku, þangað farinn fyrir tveimur árum. Þessi hjón eru alveg fjelaus.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðlaugur Ólafsson vinnumaður hjá föður sínum Ólafi Björnssini á Bakka, sem ekki vill að sje gjefin frekari skýrsla.

Ólafur Eyriksson, Ekkja hans Arnbjörg Guðmundsdóttir 28. ára, til heimilis á Laugaveg 67. 1. barn á fyrsta ári, foreldrar hennar hjá henni, hann 72. ára slórfatlaður, hún 62. ára, mjög lúin, eru leigendur alveg fjelaus, foreldrar Ólafs sáluga dánir.

Sophýa
Eyvindur Eyndsson Mýrimaður Ekkja hans Ingibjörg Magnúsdóttir 26. ára til heimilis í Vesturgötu 53. A. Ekkert barn en hefur móður sína fjelausa og farlama 70. ára. (er Ekkja) Ekkja þessi er leigjandi mjög fátæk

Þorvarður Karelsson. Ekkja hans Borghildur, Oddsdóttir, 20. ára. til heimilis í Braustarholti í (Reykjavík) hjá móður sinni Ekkjunni Guðrúnu Árnadóttur, sem á þrjú börn í ómegð. 5. 7. og 10. ára. Ekkjan Borghildur á ekkert barn, en er vanfær. Eigur eru ekki aðrar en lítilsháttar búsáhöld sem kölluð eru, þar þaug bijuðu búskap fyrst hjer í Bænum síðast liðið haust, Foreldrar Þorvarðar sáluga eru ekki á lífi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Akranesi 29. júní 1906.

Eftir munnlegum tilmælum yðar, herra bæjarfógeti, vil eg hér með leyfa mér virðingarfylst að skýra yður frá, hverjir þeir sjómenn voru af Akranesi, er druknuðu af fiskiskipinu "Ingvari" 7. apr. síðastl. og um nánustu aðstandendur þeirra og erfingja, eftir því sem mér er kunnugt:

1. Tómas Tómasson, 41 árs, giftur Sigríði Magnúsdóttur á Sandi, átti 4 börn, 13, 11, 11 og 5 ára; eitt af þeim er á fóstri hjá öðrum; ekkjan fátæk og aðstandendur hennar.
2. Guðjón Kristinn Jónsson, 17 ára. Foreldrar hans eru á lífi, hjón á Akranesi, fátæk, eiga 2 börn önnur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Tímoteus Ólafur Guðmundsson, 16 ára. Foreldrar hans eru á lífi, húshjón á Akranesi mjög fátæk; faðirinn heilsulaus og hefir legið sjúkur allan síðastl. vetur, móðirin heilsulítil; eiga 1 barn eftir heilsutæpt.

4. Sigurbjörn Jónsson, 35 ára. Unnusta hans er Jónína Kristín Jónasdóttir hér á Akranesi; hann átti alsystkini og er mér kunnugt um. 1. Helgu í Reykjavík, 2. Ragnhildi í Leirárgörðum, 3. Málfríði í Bakkakoti og 4. Guðjón, giftan í Dalasýslu; auk þess átti hann hálfsystkini.

Jón Sveinsson.

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...sson,
...lfi;

...ð
...n
...ilsu-
...gu-

...na.

...n-
...jorvík,
...um,
...g
...li í
...kini.

...ík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur